

PINGGERØ

35. PINGS U.M.S.K.

1958

PINGGERÐ

35. PINGS U.M.S.K.

P I N G G E R Ð

35. ÞINGS U. M. S. K.

I. 35. héraðsþing U.M.S.K. var haldið 1.-2. mars 1958, að Hlégarði í Mosfellssveit. Þingið var sett kl. 3.15 e.h. af form. sambandsins Ármanni Pétursyni, og bauð hann þingfulltrúa og gesti velkomna til þingstarfa. Sérstaklega bauð hann velkomin Benedikt G. Wåge forseta I.S.I.

II. Þá var kosin kjörbréfanefnd þingsins og hlutu þessir kosningu: Páll Ólafsson, Steinar Ólafsson og Jón Guðmundsson.

Nefndin tók þegar til starfa, og skilaði hún álti eftir stutta stund, formaður nefndarinnar Páll Ólafsson skýrði frá gildum kjörbréfum, en gat þess um leið að kjörbréf frá Umf. Breiðablik hefði ekki ennþá borizt.

Las hann upp nöfn fulltrúa og kynnti þá.

Fulltrúar voru þessir:

Frá U.M.F. Afturelding: Guðjón Hjartarson,
 Reynir Guðjónsson,
 Tómas Sturlaugsson,
 Jón M. Guðmundsson,
 Lárus Halldórsson,
 Einar Kristjánsson,
 Gunnar Sigurðsson, form. félagsins.

Frá U.M.F. Kjalnesinga: Páll Ólafsson,
 Kristján Þorgeirsson,
 Jón Ólafsson, form. félagsins.

Frá U.M.F. Drengur: Axel Jónsson,
 Njáll Guðmundsson,
 Bergur Magnússon,
 Gísli Ellertsson,
 Steinar Ólafsson,
 Helgi Jónsson, form. félagsins.

Frá U.M.F. Bessastaðahrepps: X Einar Ólafsson,
X Árman Pétursson,
X Hafsteinn Árnason form. félagsins.

III. Kosning starfsmanna þingsins:

1. þingforseti: Lárus Halldórsson,
2. þingforseti: Njáll Guðmundsson,
3. þingforseti: Páll Ólafsson.

X Ritarar: Gestur Guðmundsson,
Steinar Ólafsson.

Þingforseti Lárus Halldórsson tók síðan við fundarstjórn, og las upp dag-skrá þingsins. (Þingskj. I.).

IV. Kosning nefndanefndar: Þessir voru kosnir: Axel Jónsson, Jón Ólafsson, Björgvin Guðmundsson, Hafsteinn Árnason og Gunnar Sigurðsson.

A meðan nefndanefnd starfaði, ávarpaði Benedikt G. Wåge forseti Í.S.Í. þingið. Bar hann fram árnaðaróskir frá Í.S.Í. til sambandsins, og þakkaði gott samstarf á árinu. Þá minntist forsetinn á reglugerð íþróttamerkjá Íþróttasambands Íslands, og næstu Olimpíuleika árið 1960 o.fl. Að síðustu óskaði hann sambandinu alls góðs í framtíðinni.

Þingforseti þakkaði ágæta ræðu, og árnaðaróskir forseta Í.S.Í.

Þá voru mættir þingfulltrúar frá U.M.F. Breiðablik, og bað forseti kjör-bréfanefnd að athuga kjörbréf frá félaginu, og var svo gert.

Páll Ólafsson skýrði frá réttu kjörbréfi U.M.F. Breiðablik. Las það upp, og var það samþykkt.

Fulltrúar voru þessir:

- X Sigurður Grétar Guðmundsson,
X Guðmundur Óskarsson,
X Arthur Ólafsson,
X Kristmundur Halldórsson,
X Gróa Jónatansdóttir,
X Samúel Guðmundsson,
X Björgvin Guðmundsson form. félagsins.

Þá gaf forseti kaffihlé.

V. Skýrsla stjórnarinnar flutt af form. sambandsins Ármanni Péturssyni:

Í sambandinu eru nú 5 félög, og skiptast meðlimir þeirra þannig, eftir félögum, Umf. Drengur 92 félagar, Umf. Kjalnesinga 38 félagar, Umf. Afturelding 117 félagar, Umf. Breiðablik 114 félagar, Umf. Bessastaðahr. 25 félagar. Samtals eru 386 skattskyldir og 255 óskattskyldir, samtals 641 félagi í U.M.S.K. Stjórn U.M.S.K. var þannig skipuð síðasta ár: form. Ármann Pétursson, varaform. Gunnar Sigurðsson, gjaldkeri Páll Ólafsson, ritari Gestur Guðmundsson og Steinar Ólafsson meðstjórnandi. Bókaðir stjórnarfundir á árinu voru 8. Að íþróttamálum var mikið unnið, á árinu, höfuðáherzlan var lögð á undirbúning og æfingar íþróttmanna vegna keppni á landsmóti U.M.F.I. á Þingvöllum. Sambandið réði til félaganna Karl Guðmundsson íþróttakennara, og kenndi hann og þjálfaði knattspyrnulið í Umf. Breiðablik og Aftureldingu. Úr þessum tveim félögum var síðan valið knattspyrnulið U.M.S.K. sem keppti í knattspyrnu á landsmótinu. Þetta lið U.M.S.K. lék 3 leiki í landsmótskeppninni og fóru leikar sem hér segir. Við Héraðssambandið Skarphéðin vann U.M.S.K. með 3 mörkum gegn 1, við Héraðssamb. V.-Húnvetninga vann U.M.S.K. með 8 mörkum gegn einu, og við Héraðssamb. Þingeyinga tapaði U.M.S.K., gerði 1 mark, fékk á sig 4 mörk. Héraðsmót U.M.S.K. í knattspyrnu var háð á Valsvellinum í Reykjavík 28. sept., og fóru leikar svo, að Umf. Breiðablik vann Aftureldingu með 3:1. Dómari í þeim leik var Baldur Sigurgeirsson. Sambandsstjórn skipaði Hörð Ingólfsson æfingastjóra fyrir sambandið, og hafði hann á hendi þjálfun handknattleikslið kvenna, svo og einnig þjálfun frjáls-íþróttamanna.

Sambandið sendi til keppni á landsmótið, þá einstaklinga, sem beztum árangri náðu á héraðsmótinu, sem háð var nokkru fyrir landsmótið, einnig voru sendar stúlkur í sundkeppnina, og handknattleik, sem unnu þá keppni glæsilega, og er það í þriðja sinni í röð, sem stúlkur frá sambandinu vinna þá keppni. Árangur frjáls-íþróttamanna varð eftir atvikum góður. Sambandið fékk samtals 20 stig, út úr keppni landsmótsins.

Héraðsmótið í frjálsum íþróttum var háð hjá Félagsgarði í Kjós um miðjan júnímánuð, þátttaka var góð, keppt var í 11 íþróttagr. karla, 7 íþr.gr. drengja og 7 kvennagreinum. Félögin sendu keppendur í allar greinar. Úrslit urðu þau að Umf. Afturelding vann mótið, með 157 stigum, Umf. Drengur fékk 98 stig og Umf. Bessastaðahr. fékk 7 stig. Stigahæstu einstaklingar á mótinu, Ólafur Þór Ólafsson í karlaflokki, Arnfriður Ólafsdóttir í kvennaflokki og Ingólfur Ingólfsson í drengjflokki.

Íþróttafeferð var farin til Keflavíkur, í hina árlegu héraðakeppni. Fararstjóri

var Gunnar Sigurðsson. Úrslit urðu þau, að Íþróttabandalag Keflavíkur vann með 109 stigum, Ungmennasamband Eyjafjarðar fékk 103 stig, Íþróttabandalag Akureyrar 102 stig og U.M.S.K. 65 stig.

Sambandið tók að sér að sjá um víðavangshlaup meistaramóts Íslands, fór það fram í Mosfellssveit og tókst ágætlega.

46 þáttakendur tóku þátt í Íþróttadeginum og fékk samb. samt. 401 stig. Innan U.M.S.K. vann Umf. Breiðablik keppnina með 216 stigum, þáttakendur voru 26, Umf. Afturelding 104 stig, 12 þáttakendur og Umf. Drengur 81 stig, 8 þáttakendur.

Sambandið gerðist stofnaðili að Handknattleikssambandi Íslands á árinu, og á einn mann í stjórn þess. Sambandið efndi til móts í starfsíþróttum, og sá Umf. Afturelding um það, tókst það eftir atvikum vel. Í búfjárdómum sigraði Umf. Drengur með 35 stigum, Umf. Afturelding fékk 7 stig og Umf. Kjalnesinga 35 stig.

Mjólkurfélag Reykjavíkur hefur gefið bikar til þessarar keppni, sem Umf. Drengur hlaut í fyrsta sinn, sem keppt er um bikarinn.

Í dráttarvélaakstri sigraði Umf. Afturelding með 14 stigum, Umf. Drengur hlaut 1 stig. Í starfshlaupi sigraði Umf. Drengur með 8 stigum, Umf. Afturelding fékk 7 stig. Skákkeppni var háð á vegum sambandsins, og hófst hún í Félagsgarði 8. apríl. Þrjú félög tóku þátt í keppninni. Úrslit urðu þau, að sveit Umf. Breiðabliks vann með 6 vinningum. Sveit Umf. Drengs fékk $3\frac{1}{2}$ v. og sveit Umf. Aftureldingar $2\frac{1}{2}$ v.

Friðrik Ólafsson tefldi fjöltefli við 37 skákmenn úr félögum U.M.S.K. og urðu úrslit þau, að Friðrik vann 31 skák, gerði 6 jafntefli og tapaði þremur skákum. Skákkeppninni lauk svo með skákkeppni við vistmenn á Reykjalundi, og voru valdir til þeirrar keppni, þeir skákmenn sem tekið höfðu þátt í sveitakeppni sambandsins. Úrslit urðu þau að U.M.S.K. fékk 11 vinninga en Reykjalundur 4 vinninga.

Bridgemót fór fram í marzmánuði. Fjögur félög tóku þátt í mótinu og sá Umf. Kjalnesinga um mótið. Úrslit urðu þau, að sveit Umf. Kjalnesinga vann með $2\frac{1}{2}$ vinning, sveit Umf. Drengs fékk 2 v., sveit Umf. Aftureldingar 1 v. og sveit Umf. Breiðabliks $\frac{1}{2}$ v.

Sbandsstjórn gerði tilraun, til að koma á dómaranámskeiði í knattspyrnu og frjálsum íþróttum, en þátttaka var engin. Þá minntist form. á sögu sambandsins, og sagðist ræða það mál sérstaklega, seinna á þinginu. Þá gat form. þess að verið væri að teikna merki og fána fyrir sambandið.

Í sambandi við kortaútgáfuna, upplýsti form, að engar myndir hefðu borizt frá félögunum, og því ekki hægt að hefjast handa frekar í málínu að sinni, en hvatti til, að halda því vakandi.

Í þjóðönsum fengu 2 félög aðstoð sambandsins.

Að síðustu þakkaði form, samstarfsmönnum sínum í sambandsstjórn, gott samstarf, íþróttafólk, fararstjórum, nefndum, eigendum samkomuhúsanna og öllum þeim sem á einn eða annan hátt hefðu stuðlað að starfsemi sambandsins. Þakkaði hann árangursríkt og ágætt starf.

Sýslunefndum Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar þakkaði hann styrkveitingu til sambandsins.

Því næst las gjaldkeri sambandsins, Páll Ólafsson, upp endurskoðaða reikninga sambandsins fyrir síðasta ár.

Niðurstöðutölur þeirra voru þessar:

Tekjur	Kr. 38.339, 73
Gjöld	" 16. 190, 75
Tekjuafgangur	" 22. 148, 98
Eign í árslok	" 23. 968, 31

Umræður um skýrslu stjórnarinnar og reikninga sambandsins.

Axel Jónsson tók til máls. Fór hann nokkrum orðum um störf sambandsins á árinu, og þakkaði sambandsstjórn mikið og gott starf.

Er Axel hafði lokið máli sínu, gengu í salinn þeir Skúli Þorsteinsson framkv. stj. U. M. F. I. og Stefán Ól. Jónsson kennari. Bauð forseti þessa góðu gesti velkomna, og minntist þess um leið, að Skúli Þorsteinsson hefði um skeið verið form. U. M. S. K.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs, um skýrslu og reikninga sambandsins.

Reikningarnir síðan bornir upp og samp. samhlj.

Þingforseti gat þess, að dagskrá þingsins yrði eitthvað færð til eftir ástæðum, og gerði enginn athugasemd við þau tilmæli forsetans.

VI. Starfsíþróttir:

Framsögumaður Stefán Ól. Jónsson kennari. Gaf hann þinginu gott yfirlit yfir þennan þátt starfsemi ungmannafélaganna í landinu. Hann lagði áherzlu á að vinna þurfi betur að þessum málum en hingað til hefur verið gert. Hann gat um

ýmsar ástæður til þess að ekki hefði tekizt betur til, en raun bet vitni, og talaði um í því sambandi, að nauðsyn bæri til að fá fleiri starfsmenn, til að vinna og leiðbeina unglungum í starfsíþróttum.

Beztan árangur taldi hann vera, að leiðbeina unglungum frá 12 ára aldri. Hann gat þess að í ýmsum sýslum hafi búfjárdómar gefið góðan árangur, einnig væri dráttarvélaakstur mjög vinsæl grein, en mörg vandamál væru enn óleyst í sambandi við þá grein. Þá minntist Stefán á, að nauðsynlegt væri að koma á nám-skeiði, um meðferð dráttarvéla undir eftirliti hæfra manna.

Þá taldi ræðumaður þörf á að leiðbeina stúlkum í starfsíþróttum. Landsmóti í starfsíþróttum taldi ræðumaður sjálf sagt að vinna að, og koma á.

Hingforseti þakkaði St. Ól. Jónssyni ágætt og fróðlegt erindi.

Umræður urðu engar um málið, og því var vísað til allsherjarnefndar.

VII. Handritamálið og fréttir frá U.M.F.I.:

Framsögumaður Skúli Þorsteinsson framkv. stj. Skýrði hann frá í upphafi ýmsum málum þings U.M.F.I. s.l. sumar og las upp nokkrar samþ. þingsins, síðan sneri hann sér að handritamálinu, hann kvað aukinn áhuga meðal dönsku þjóðarinnar fyrir því að skila bæri handritunum til Íslands, og sagðist álita, að réttlætið myndi sigra í því máli, að lokum. Hann skoraði á íslenzku þjóðina, að vera viðbúna, og undirbúa móttöku handritanna, og minntist sérstaklega á æskuna í því sambandi, sem ætti í framtíðinni að varðveita og geyma þau á öruggum stað. Skúli óskaði að þingið gerði ályktun um málið.

Síðan ræddi Skúli nokkuð um ýms málefni ungmennafélaganna, svo sem tímarit samtakanna, Skinfaxa. Sagði hann að hjá hinum ýmsu félögum væri vanræksla með dreifingu ritsins, slíku þyrfti að kippa í lag, og sagði að hvert félag þyrfti að ábyrgjast ákveðna eintakatölu til sölu á sínu félagssvæði, til að rétta við fjárhag tímaritsins, sem hann taldi nú ekki góðan. Þá lagði hann áherzlu á, að hvert ungmennafélag í landinu ætti að kaupa og safna Skinfaxa.

Þá ræddi Skúli um skógræktarmálin. Skógræktin væri áhugamál ungmennafélaganna bæði fyrr og síðar, en fjárfamlögum ríkissjóðs væru ekki veitt til þeirra, þau rynnu til Skógræktarfélags Íslands, og taldi ræðumaður, að ungmennafélögin ættu skilyrðislaust að fá styrk til skógræktar, ekki síður en Skógræktarfélag Íslands, þar sem ungmennafélögin væru brautryðjendur í að klæða landið skógi. Hann hvatti ungmennafélögin til að vinna að þessu máli, minntist á þrastaskógi í því sambandi sérstaklega, gera þurfi þann stað veglegan og fallegan, og að því þurfi öll un-

mennafélog að vinna.

Þá minntist Skúli á, að verkefni skólanna væri að vinna að skógrækt, og sagði frá góðum árangri á Eskifirði í því sambandi. Framtíðarverkefnin taldi ræðumaður vera mörg og hvatti alla ungmannafélaga til starfs og dáða.

Að síðustu sagði Skúli frá fyrirhugaðri útvarpsdagskrá U.M.F.I., sem væri verið að vinna að.

Gunnar Sigurðsson talaði næstur, ræddi hann nokkuð um Skinfaxa. Taldi hann rétt í sambandi við dreifingu á ritinu, að senda það til hvers kaupanda í pósti, og innkalla gjaldið með póstkröfu.

Njáll Guðmundsson skýrði frá fyrirkomulagi síns félags, á dreifingu ritsins. Síðan var málínu vísað til allsherjarnefndar.

VIII. Álit nefndaneftndar:

Framsögumaður Axel Jónsson. Skýrði hann frá tillögum nefndarinnar, sem voru samp. samhlj. og voru þessar:

Allsherjarnefnd:

Lárus Halldórsson,
Sigurður G. Guðmundsson,
Jón Ólafsson,
Einar Ólafsson,
Njáll Guðmundsson,
Guðjón Hjartarson.

Lagæ- og skipulagsnefnd:

Jón M. Guðmundsson,
Kristmundur Halldórsson,
Helgi Jónsson,
Reynir Guðjónsson,
Gróa Jónatansdóttir.

Félagsmálanefnd:

Axel Jónsson,
Einar Kristjánsson,
Björgvin Guðmundsson,
Kristján Þorgeirsson,
Hafsteinn Árnason.

Fjárhagsnefnd:

Páll Ólafsson,
Guðmundur Óskarsson,
Tómas Sturlaugsson,
Bergur Magnússon,
Gísli Ellertsson.

Iþróttanefnd:

Gunnar Sigurðsson,
Steinar Ólafsson,
Samúel Guðmundsson,
Einar Ólafsson,
Arthur Ólafsson.

IX. Iþróttamál:

Framsögumaður Axel Jónsson. Ræddi hann um Iþróttamálin á við og dreif. Hann taldi héraðsmótin svipminni nú, en áður fyrr, og lægju til þess ýmsar ástæður, svo sem aukið skemmtanalíf o.fl. Áður hafi héraðsmótin verið hátið sumarsins, en nú væru þau fámenn og sviplítil, og harmaði ræðumaður það. Starfskraftar við mótin væru nú litlir og taldi það eitt af þeim vandamálum, sem ráða þarf fram úr. Koma þurfi á dómaranámskeiðum, og þjálfa félagsmenn til að vinna við mótin. Ræðumaður minntist á framtíðarvöll á sambandssvæðinu við Hlégarð í Mosfellssveit, og væru miklar vonir við hann tengdar í sambandi við Iþróttirnar. Axel fór síðan nokkrum orðum um síðasta landsmóti U.M.F.I. á Þingvöllum, og gat þess, að frammistaða handknattleiksstúlkna frá sambandinu hafi verið góð, þar sem þær unnu í 3ja sinni í röð handknattleik kvenna í landsmóti U.M.F.I. Í framhaldi af þessu taldi Axel rétt að sambandsstjórn gerði athugun á því, hvort ekki væri hægt að komast í samband við Færeyinga, um ferð þangað með handknattleikslið kvenna frá sambandinu til keppni.

Þá ræddi Axel nokkuð um knattspyrnuþróttina, sem vaxandi áhugi væri fyrir á sambandssvæðinu, og hefði sú Iþrótt verið tekin inn á síðasta landsmóti U.M.F.I. í fyrsta sinn. Að síðustu sagði Axel, "að blómlegt félagslíf væri hornsteinn hvers félagsskapar".

Umræður um Iþróttamál urðu engar, og vísaði forseti málina til Iþróttanefndar.

X. Saga sambandsins:

Framsögumaður Ármann Pétursson. Hann gat þess í upphafi, að Loftur Guðmundsson rithöfundur væri búinn að taka að sér, að skrifa sögu sambandsins.

Hann lagði áherzlu á, að safna þyrfti gögnum af sambandsstarfseminni, svo sem myndum af mótum, ferðalögum o.fl., sem að gagni megi koma vegna ritunar sögunnar. Hann sagði að keppt væri að því, að ritið verði fullbúið 1962, á 40 ára afmæli sambandsins. Þá talaði Ármann um að hvert félag skrifaði sína sögu, sem verði sérstakur þáttur í sambandssögunni. Ræðumaður taldi verða mikinn kostnað

við útgáfuna, og lagði fram tillögu, um að leggja í sjóð nokkra fjárupphæð, til að mæta þeim kostnaði fyrst í stað, en síðan yrði að fara fram athugun á þeirri hlið málsins.

Till. Ármanns var vísað til fjárhagsnefndar.

Axel Jónsson tók næstur til máls. Að skrá sögu sambandsins, taldi hann mikilsvert, en jafnframt vandasamt verk. Það væri sómi fyrir sambandið að ráðast í þetta, og þakkaði hann sambandsstjórn fyrir, að hafa hafizt handa í þessu máli. Hann gat þess að sambandssvæðið hafi verið mun stærra áður fyrr, þar sem Umf. Rvíkur, Umf. Akraness og Umf. Miðneshrepps hafi verið öll sambandssaðilar á sínum tíma. Hann taldi að starf U.M.S.K. hafi verið margt og mikið, og nauðsynlegt að fá sem flest fram, sem í frásögur er færandi.

Næstur talaði Gunnar Sigurðsson. Lýsti hann stuðningi sínum við tillögu Ármanns, um að leggja til hliðar fé til útgáfunnar. Gunnar tladi eðlilegra að fyrst væru athugaðar skráðar heimildir sambandsins, og síðan leitað til manna um sagnir af starfinu eftir minni þeirra.

Árman Pétursson talaði aftur og upplýsti að kafla vantaði í skráðar heimildir um starfsemi sambandsins. Í þessa eyðu yrði að fylla með því að leita til þeirra manna, sem mest hefðu starfað á þessu tímabili, og treysta á minni þeirra. Um það sem skráð væri og væri í vörzlu sambandsstjórnar þyrfti ekki að hafa áhyggjur af, til þess mætti alltaf grípa þegar búið væri að fylla í skarðið og með því mynda samfelldan þráð í sögu sambandsins.

Jón M. Guðmundsson talaði næstur, og lagði fram tillögu, um skráðar heimildir og bækur sambandsins. Málinu síðan vísað til allsherjarnefndar.

XI. Bindindismál:

Framsögumaður Axel Jónsson. Hann minntist með nokkrum orðum Brynleifs Tobiassonar, sem var mikill forvígismaður bindindismála í landinu. Síðan ræddi hann nokkuð um áfengismálin, sem hann taldi vera í megnasta ólagi. Aukið félagslíf, þjálfun unga fólksins í félagsmálum og uppfræðslustarfsemi skólanna, myndi vinna á móti áfengisnotkun landsmanna. Lagði hann fram tillögu, um að sambandsstjórn aðstoði sambandsfélögin við kennslu í félagsmálum.

Málinu og till. vísað til félagsmálanefndar.

Þá gaf forseti matarhlé.

XII. Fréttir frá þingi F.R.I.:

Lárus Halldórsson skýrði frá því helzta sem gerðist á síðasta þingi F.R.I. Skýrslur og skil frá hinum ýmsu félögum taldi hann ganga erfiðlega, en gat þess um leið, að U.M.S.K. væri þar ekki meðtalið, því það gerði skil á tilsettum tíma. Lárus gat þess að næsta sumar færi fram hér á landi norrænt unglingsmót. Næsta sumar kvað hann ákveðið að færi fram íþróttakeppni í frjálsum íþróttum milli Reykjavíkur og utanbæjarmanna. Þá skýrði hann frá því að íþróttavikan felli niður að þessu sinni. Þá minntist Lárus á stórmót á vegum F.R.I. s.l. sumar, og fulltrúa sem sendir voru á stórmót í mörgum löndum.

XIII. Fréttir frá þingi K.S.I. og H.S.I.:

Fluttar af Jóni M. Guðmundssyni. Hann taldi s.l. ár eitt mesta söguár knattspyrnunar á Íslandi. Í fyrsta sinni tóku Ísl. þátt í heimsmeistarakeppni í knattspyrnu. Íþróttaleikvangurinn í Laugardal var tekinn í notkun, og fóru þar fram allir helztu knattspyrnuleikir sumarsins.

Síðan ræddi hann nokkuð um tvær tillögur, sem hann bar fram og vísað var til íþróttanefndar.

Þá ræddi hann nokkuð um stofnun Handknattleikssambands Íslands. Skýrði frá þáttöku Umf. Aftureldingar í Íslandsmóti í handknattleik. Síðan minntist hann á heimsmeistarakeppnina, sem stæði yfir þessa dagana, með þáttöku Ísl. í fyrsta sinni. Þá skýrði Jón frá utanferðum handknattleiksflokka s.l. sumar og góðan árangur þeirra.

Að síðustu lagði Jón fram tillögu um ferð íþróttamanna frá U.M.S.K. til Færeys næsta sumar, og var henni vísað til íþróttanefndar.

XIV. Fréttir frá þingi I.S.I.:

Fluttar af Axel Jónssyni. Íþróttapeingið sem haldið var á Akureyri s.l. sumar var ánægjulegt, sagði Axel, og umræður miklar. Síðan skýrði hann frá ýmsum tillögum þingsins, svo sem, að gera 17. júní löggiltan þjóðhátíðardag. Áskorun um fjárfamlag úr ríkissjóði til sambandsins o.fl. Undirbúningur væri hafinn vegna 50 ára afmælis sambandsins 1962, og talað um að halda þá íþróttahátíð. Þá ræddi þingið um slysabætur vegna íþróttæfinga. Að síðustu las ræðumaður upp tillögur þingsins, sem hann kvað snerta nokkuð U.M.S.K. og óskaði eftir að teknar yrðu til afgreiðslu á þinginu. Síðan var málínu vísað til nefndar.

XV. Fréttir frá sambandsfélögum.

Fyrir Umf. Dreng talaði Helgi Jónsson. Fyrir Umf. Kjalnesinga talaði Jón Ólafsson. Fyrir Umf. Aftureldingu talaði Gunnar Sigurðsson. Fyrir Umf. Breiðablik talaði Sigurður Guðmundsson og fyrir Umf. Bessastaðahrepps talaði Ármann Pétursson. Skýrðu þessir aðilar frá störfum félaganna, í stórum dráttum.

Forseti frestaði síðan fundi.

Sunnudaginn 2. marz var fundur settur kl. 2. 15 e. h. og tekið fyrir næsta mál á dagskrá, sem var:

XVI. Skógræktarmál:

Framsögumaður Guðjón Hjartarson. Rakti hann í stórum dráttum skógræktarmálin frá upphafi, og þátt ungmennafélaganna, sem voru brautryðjendur í skógrækt og ættu þau mikið og merkilegt starf þar að baki frá upphafi, síðan hafi starf ungmennafélaganna minnkað nokkuð, og lítið unnið að skógrækt. Þá hafi verið stofnað Skógræktarfélag Íslands, og deildir þess stofnaðar út um allt land. Ræðumaður taldi nauðsynlegt að koma upp nytjaskógi. Guðjón hvatti félagsmenn að vinna að gróðursetningu trjáplantna og skógræktarfélög og ungmennafélög að vinna saman að skógrækt, undir yfirstjórn skógræktarráðunauts ríkisins. Lagði ræðumaður fram tvær tillögur í málinu, sem vísað var til nefnda.

Gunnar Sigurðsson talaði næstur. Harmaði hann, að þetta mál skyldi ekki hafa verið tekið fyrir þegar framkv. stj. U. M. F. I. Skúli Þorsteinsson reyfaði skógræktarmálin, en þá var framsögumaður í málinu Guðjón Hjartarson fjarverandi. Var Gunnar mótfallinn stofnun skógræktarfélaga, en styrkja bæri ungmennafélögin til að vinna að skógrækt. Gunnar lagði til að sambandið gengist fyrir umræðufundi um skógræktarmál.

Lárus Halldórsson tók næstur til máls. Ræddi hann um brautryðjendastarf ungmennafélaganna, að klæða landið skógi. Nú væri búið að kippa þessu verkefni úr höndum þeirra, og fengið öðrum, og rynnu styrkir til þeirra samtaka, en ungmennafélögin fengju engan styrk, og væri það síður en svo jöfn aðstaða þessara tveggja félagssamtaka, ungmennafélaganna og Skógræktarfél. Íslands. Hann taldi það hafa glætt mjög starfið innan ungmennafélaganna, ef þau hefðu notið styrks til skógræktar.

Axel Jónsson tók næstur til máls. Ræddi hann aðallega um þrástaskóg. Þar lægi mikið starf ungmennafélaganna að baki, en þar væri líka mikið starf framan. Hann gat þess að U. M. S. K. fengi ekki styrk, nema ganga í skógræktarfélag

sýslunnar. Axel flutti tillögu um áksorun til Alþingis, að veita U.M.F.Í. styrk til skógræktarmála.

Guðjón Hjartarson talaði næstur. Mælti hann með því að U.M.F.Í. gengi í Skógræktarfélag Íslands, og einnig að U.M.S.K. gerðist aðili í Skógræktarfél. Ísl.

Axel Jónsson upplýsti, að U.M.F.Í. hefði ekki sótt um inngöngu í Skógræktarfél. Ísl. og sagðist vera því mótfallinn, taldi vansalaust að treysta U.M.F.Í. fyrir fjárstyrk til skógræktarmála, eins og t.d. til íþróttamála.

Málinu var síðan vísað til laga- og skipulagsnefndar.

Gunnar Sigurðsson kvaddi sér hljóðs. Í nafni Umf. Aftureldingar bauð hann þingfulltrúum á sjónleikinn "Græna-lyftan", sem félagið væri að sýna um þessar mundir.

Þingforseti þakkaði ágætt boð.

XVII. Álit þingnefnda:

a. Frá allsherjarnefnd. Framsögumaður Lárus Halldórsson, las upp til-lögur nefndarinnar, og gerði stutta grein fyrir þeim.
Tillögurnar voru þessar:

1. Um Geymslu á bókum og skjölum sambandsins. Samþ. samhlj. (þskj. II.)
2. Um handritamálið. Samþ. samhlj. (þskj. III.)
3. Um Skinfaxa. Samþ. samhlj. (þskj. IV.)
4. Um starfsíþróttir. Samþ. samhlj. (þskj. V.)
5. Um herstöðvarmálið. Samþ. samhlj. (þskj. VI.)

Um þessar tillögur voru engar umræður.

b. Frá félagsmálanefnd. Framsögumaður Axel Jónsson, las hann upp til-lögur nefndarinnar, með stuttum skýringum.
Tillögurnar voru þessar:

1. Um bindindismál. Samþ. samhlj. (þskj. VII.)
2. Um fræðslustarfsemi í skák og bridge. Samþ. samhlj. með breytingu. (þskj. VIII.)
3. Um þátttöku á norrænu ungmennafélagsmóti næsta sumar. Samþ. samhlj. (þskj. IX.)
4. Um leikstarfsemi. Samþ. samhlj. (þskj. X.)
5. Um leikstarfsemi í dreifbýlinu. Samþ. samhlj. (þskj. XI.)
6. Um athugun að aðild skák- og bridgesambandanna. Samþ. samhlj. (þskj. XII.)

Umræður um tillögur félagsmálanefndar.

Um lið 1, og 3 - 6, urðu engar umræður, en um lið 2 urðu nokkrar umræður, og tóku þessir til máls, Jón M. Guðmundsson, Gunnar Sigurðsson, Njáll Guðmundsson, Axel Jónsson og Páll Ólafsson.

c. Frá laga- og skipulagsnefnd. Framsögumaður Jón M. Guðmundsson, las hann tillögur nefndarinnar, með nokkruum skýringum.

Tillögurnar voru þessar:

1. Um dómaranámskeið. Samþ. samhlj. (Þskj. XIII.)
2. Um skrá yfir íþróttamenn. Samþ. samhlj. (Þskj. XIV.)
3. Um skógræktarmál. Samþ. með 6:3 atkv. (Þskj. XV.)
4. Um kjörnefnd á sambandsþingum og milliþinganefnd.

Fyrri partur tillögunnar samþ. með 15:7 atkv. Seinni parturinn, um kosningu milliþinganefndar samþ. samhlj. (Þskj. XVI.)

Umræður um tillögur laga- og skipulagsnefndar.

Um lið 1 - 2 voru engar umræður. Um lið 3 voru miklar umræður.

Ármann Pétursson tók fyrstur til máls, og ræddi nokkuð um það mál sem tillagan fjallaði um, skógræktarmálin. Flutti Ármann tillögu í málinu.

Jón M. Guðmundsson talaði næstur og andmælti tillögu Ármanns. Lárus Halldórsson lýsti sig samþykkan tillögunni. Í þessu sambandi talaði einnig Guðjón Hjartarson.

Axel Jónsson bar fram orðalagsbreytingu við tillögu Ármanns Péturssonar, og var hún samþ. með 9:2 atkv.

Síðan var tillagan borin upp, og samþ. samhlj. (Þskj. XVII.)

Þá kom fram tillaga frá Axel Jónssyni um styrkveitingu Alþingis til girðingar í Þrastaskógi. Till. samþ. samhlj. (Þskj. XVIII.)

Þá gaf forseti matarhlé.

Um lið 4, voru miklar umræður.

Axel Jónsson tók fyrstur til máls, lýsti hann samþykki sínu við tillöguna um kjörnefnd á sambandsþingum, og bar fram viðbótartillögu, um kosningu 3ja manna milliþinganefndar, sem semdi fundarsköp fyrir sambandið.

Jón M. Guðmundsson var fylgjandi tillögu Axels, síðan skýrði hann nokkuð frá hlutverki kjörnefndar.

Páll Ólafsson var mótfallinn því, að kjósa kjörnefnd, og vildi fresta málinu.

Sigurður Guðmundsson mælti með tillögunni um kjörnefnd.

Síðan fór tillagan um kjörnefnd til afgreiðslu, og fór fram leynileg kosning um tillöguna, hún var samþykkt með 15 : 7 atkv., viðbótartillaga frá Axel Jónssyni, um milliþinganefnd samþ. samhlj.

d. Frá íþróttanefnd. Framsögumaður Gunnar Sigurðsson, las hann upp tillögur nefndarinnar, er voru:

1. Um íþróttasamstarf við Færeysjar. Samþ. samhlj. (Þskj. XIX.)
2. Um kynningarfund. Samþ. samhlj. (Þskj. XX.)
3. Um æfinganefnd K.S.Í. Samþ. samhlj. (Þskj. XXI.)
4. Um vallargerðir. Samþ. samhlj. (Þskj. XXII.)
5. Um sundáhuga. Samþ. samhlj. (Þskj. XXIII.)
6. Um íþróttaviku árlega. Samþ. samhlj. (Þskj. XXIV.)

Engar umræður voru um þessar tillögur. Sigurður Guðmundsson kvaddi sér hljóðs, og bar fram tillögu um að verðlaunagripir frá sambandinu verði merktir, tillagan var samþ. samhlj. (Þskj. XXV.)

e. Frá fjárhagsnefnd. Framsögumaður Páll Ólafsson, las hann upp tillögur nefndarinnar, og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
tillögurnar voru þessar:

1. Þakkir vegna styrkja. Samþ. samhlj. (Þskj. XXVI.)
2. Um fjárlunarnefnd. Samþ. samhlj. (Þskj. XXVII.)
3. Um kortaútgáfu. Samþ. samhlj. (Þskj. XXVIII.)
4. Um samræmi á árstill. félaganna. Samþ. samhlj. (Þskj. XXIX.)
5. Um kaup á íþróttatækjum. Samþ. samhlj. (Þskj. XXX.)
6. Um þjóðdansa. Samþ. samhlj. (Þskj. XXXI.)
7. Um sögusjóð. Samþ. samhlj. (Þskj. XXXII.)
8. Um slysatryggingu. Samþ. samhlj. (Þskj. XXXIII.)
9. Fjárhagsáætlun næsta ár. Samþ. samhlj. (Þskj. XXXIV.)

Engar umræður voru um lið 1 - 5, og 7 - 9.

Um lið 6, voru nokkrar umræður, og fyrstur talaði Sigurður Guðmundsson og andmælti þjóðdanskennslu.

Gunnar Sigurðsson talaði næstur, taldi hann rétt og sjálf sagt, að sambandið styrki þau félög sem hafa áhuga fyrir þjóðönsum. Njáll Guðmundsson og Páll Ólafsson tóku í sama streng.

XVIII. Önnur mál:

Axel Jónsson kvaddi sér hljóðs, talaði hann um að sambandið gengist fyrir umræðufundum um einhver málefni, og lagði fram tillögu þess efnis ásamt Jóni M. Guðmundssyni. Tillagan var samþ. samhlj. (Þskj. XXXV.)

Þá las forseti upp tillögu frá stjórn sambandsins, um þakkir til Mjólkurfélags Reykjavíkur, fyrir verðlaunagrip þann, er það gaf til búfjárdóma á starfsþróttamótum sambandsins. Samþ. samhlj. (Þskj. XXXVI.)

XIX. Stjórnarkjör og aðrar kosningar:

Álit frá kjörnefnd þingsins, en hana skipuðu þessir menn: Axel Jónsson, Björgvin Guðmundsson, Jón Guðmundsson, Hafsteinn Árnason og Jón Ólafsson.

Axel Jónsson hafði orð fyrir nefndinni, og skýrði frá niðurstöðu hennar, um stjórnarkjör.

Nefndin lagði til að formaður sambandsins næsta ár yrði Ármann Pétursson, og var hann kosinn með lófaklappi.

Þá lagði nefndin til að varaform. yrði Gunnar Sigurðsson, sem einnig var kosinn með lófaklappi.

Um 3 menn í stjórn var nefndin ekki sammála um. Meiri hluti nefndarinnar, þeir Axel Jónsson, Hafsteinn Árnason, Jón Ólafsson og Jón Guðmundsson lögðu til að þessir yrðu kosnir: Steinar Ólafsson, Gestur Guðmundsson og Páll Ólafsson, en minni hlutinn Björgvin Guðmundsson lagði til að í stað Gests Guðmundssonar kæmi Sigurður Guðmundsson.

Síðan fór fram leynileg kosning 3ja manna í sambandsstjórn.

Þessir hlutu kosningu:

Páll Ólafsson	með	21	atkv.
Steinar Ólafsson	"	20	"
Gestur Guðmundsson	"	12	"
Sigurður Guðmundsson	hlaut	10	"

Tillaga nefndarinnar um 5 manna varastjórn, var kosin einróma með lófaklappi, en hafa skipa:

Hafsteinn Árnason,
Njáll Guðmundsson,
Bjarni Þorvarðsson,
Guðmundur Magnússon,
Samúel Guðmundsson.

Endurskoðendur:

Ólafur Ág. Ólafsson,
Lárus Halldórsson,

Til vara:

Guðjón Hjartarson,
Jón Ólafsson,

Íþróttadómstóll:

Lárus Halldórsson,
Gísli Andrésson,
Gunnar Guðmundsson,

Til vara:

Teitur Guðmundsson,
Helgi Jónsson (endurkosinn).

(Næsta ár gengur Teitur Guðmundsson úr dómnum.)

Milliþinganefnd:

Axel Jónsson	með	19	atkv.
Jón M. Guðmundsson	"	15	"
Gunnar Guðmundsson	"	11	"

Fjárlöflunarnefnd:

Ásbjörn Sigurjónsson form. nefnd.,
Magnús Sæmundsson,
Björgvin Guðmundsson,
Jóhann Jónsson,
Bjarni Þorvarðsson.

Til vara:

Hjalti Sigurbjörnsson,
Sveinn Þórarinsson.

Kosnir á þing F.R.I.:

Axel Jónsson,
Lárus Halldórsson,
Jón M. Guðmundsson.

Til vara:

Sigurður Guðmundsson,
Steinar Ólafsson,
Njáll Guðmundsson.

Kosnir á þing K.S.I.:

Jón Guðmundsson,
Gunnlaugur Sigurgeirsson.

Til vara:

Tómas Sturlaugsson,
Björgvin Guðmundsson.

Kosnir á þing H.S.I.:

Ásbjörn Sigurjónsson,
Skúli Skarphéðinsson.

Til vara:

Guðjón Hjartarson,
Þórir Ólafsson.

Kosinn á þing Sundsamb. Ísl.:

Axel Jónsson.

Til vara:

Gunnar Sigurðsson.

XX. Pingslit:

Ármanн Pé tursson kvaddi sér hljóðs. Þakkaði hann það traust, sem sér væri synt, með því að kjósa sig formann sambandsins. Formaður hvatti alla til starfa og óskaði eftir góðu samstarfi. Fulltrúum þakkaði hann ánægjulegt þing, og að síðustu þakkaði hann góðar móttökur Umf. Aftureldingar.

Forseti bar upp munnlega tillögu þess efnis: Að ritara og stjórn sambandsins verði falið að ganga frá þinggerð, eins og verið hefur undanfarin ár, og var það samþ. samhlj.

Forseti talaði síðastur. Þakkaði hann starfsmönnum þingsins gott starf, og þingfulltrúum öllum ánægjulegt þing, að svo mæltu sleit forseti 35. þingi U.M.S.K.

Gestur Guðmundsson
Steinar Ólafsson

PINGS KJÖL

35. PINGS U.M.S.K.

PINGSKJAL I:

Dagskrá:

1. Þingsetning.
2. Kosning kjörbréfanefndar og álit.
3. Kosning starfsmanna þingsins.
4. Kosning nefndanefndar.
5. Skýrsla stjórnarinnar.
6. Reikningar sambandsins.
7. Álit nefndanefndar.
8. Íþróttamál.
9. Starfsíþróttir.
10. Skógræktarmál.
11. Frá U.M.F.I.
12. Saga sambandsins.
13. Handritamálið.
14. Bindindismál.
15. Frá þingi I.S.I.
16. " " F.R.I.
17. " " K.S.I.
18. Fréttir frá sambandsfélögum.
19. Álit nefnda.
20. Önnur mál.
21. Stjórnarkjör og aðrar kosningar.
22. Kosnir fulltrúar á þing F.R.I., K.S.I. og H.S.I.
23. Þingslit.

PINGSKJAL II:

35. þing U.M.S.K. samþykkir að fela sambandsstjórn að safna saman í einn stað, öllum skjölum og bókum sambandsins. Jafnframt að gera skrá yfir allt slíkt og sömuleiðis yfir alla verðlaunagripi sambandsins. Gripi þessa og allar skráðar heimildir skal stjórnin hafa í sem öruggastri geymslu.

PINGSKJAL III:

35. þing U.M.S.K. lýsir fullum stuðningi við tillögu þá, sem fram kom á síðasta þingi U.M.F.I. í handritamálinu. Jafnframt skorar þingið á ríkisstjórnina að hefjast þegar handa um byggingu húss yfir handritin, svo ekki standi á því, er þau koma heim.

PINGSKJAL IV:

35. þing U.M.S.K. ályktar að heppilegast væri, að afgreiðsla Skinfaxa, sendi blaðið beint til áskrifenda, en ungmennafélögin útvegi kaupendur hvert á sínu félags-svæði og ábyrgist greiðslu. Jafnframt álítur þingið, að sú breyting, sem gerð hefur verið á blaðinu, sé til bóta.

PINGSKJAL V:

35. þing U.M.S.K. skorar á Búnaðarfélag Íslands að taka þegar upp sam-vinnu við U.M.F.I. um skipulagningu starfsíþróttu hér á landi. Jafnframt skorar þingið á stjórn U.M.S.K. og sambandsfélögin að vinna áfram að framgangi tillagna þeirra er framkomu á 34. þingi U.M.S.K. (Þingskjal VI-IX.)

PINGSKJAL VI:

35. þing U.M.S.K. ályktar: Dvöl erlends herliðs á íslenzku landi er ósam-rýmanleg hugsjónum ungmennafélaganna. Þess vegna telur þingið, að ríkisstjórn Íslands hefði átt að framkvæma ályktun alþingis frá 28. mars 1956, og telur hana hafa gengið á gefin loforð.

PINGSKJAL VII:

35. þing U.M.S.K. álítur að félög sambandsins geti bezt unnið að bindindi með því að halda uppi fjölbreyttu félagslífi. Jafnframt skorar þingið á stjórnir félaganna á sambandssvæðinu, að efla almenna félagsstarfsemi meðal yngra fólksins t.d. með því að efna til námskeiða og fræðslufunda um félagsmál.

Ennfremur skorar þingið á stjórn U.M.S.K. að vinna að þessu máli, og veita félögnum þá aðstoð, sem sambandið getur í té látið.

PINGSKJAL VIII:

35. þing U.M.S.K. felur stjórn sambandsins og stjórnum sambandsfélaga, að beita sér fyrir fræðslustarfsemi í skák og bridge.

Jafnframt telur þingið, að æskilegt væri að unglingskeppni í skák fari fram

á árinu. Ennfremur ánýjar þingið samp. frá síðasta þingi U.M.S.K. um að komið verði á keppni í skák milli sambandsins og annarra aðila.

ÞINGSKJAL IX:

35. þing U.M.S.K. skorar á stjórn U.M.F.I. að vinna að því að þátttaka verði frá Íslandi á móti norrænna ungmannafélaga í sumar.

ÞINGSKJAL X:

35. þing U.M.S.K. telur að leikstarfsemi ungmannafélaga sé til mikils menningarauka.

Þingið lýsir ánægju sinni yfir árangri Umf. Aftureldingar í leikstarfinu, og hvetur jafnframt önnur félög sambandsins til átaka í þessum efnunum.

ÞINGSKJAL XI:

35. þing U.M.S.K. telur að opinberir aðilar, svo sem Þjóðleikhúsið og Bandalag ísl. leikfélaga þurfi að gera meira til þess að efla leikstarfsemi meðal félaga í dreifbýlinu. Þingið telur að það sé undir flestum kringumstæðum félögum fjárhagslega ofvaxið eins og nú er að fá færa leiðbeinendur í þessu efni. Þingið skorar því á fyrrgreinda aðila að auka aðstoð sína við leiðbeinendastörf og fl. varðandi þetta mál.

ÞINGSKJAL XII:

35. þing U.M.S.K. samp. að fela stjórn sambandsins, að gera athugun á því hvort að æskilegt sé að U.M.S.K. gerist aðili að landssamtökum skák og bridge-manna.

ÞINGSKJAL XIII:

35. þing U.M.S.K. samp. að fela sambandsstjórn, að sjá um að koma á dómaranámskeiði í frjálsum íþróttum á sambandssvæðinu næsta sumar.

ÞINGSKJAL XIV:

35. þing U.M.S.K. samp. að fela sambandsstjórn að gera skrá yfir alla starfandi íþróttamenn á liðnu starfsári, og leggja það fram á ársþingum. Einnig ber stjórninni að sjá um, að skráin fylgi með í þinggerð sambandsþinga,

ÞINGSKJAL XV:

35. þing U.M.S.K. samp. að skora á alla félaga á sambandssvæðinu að taka

höndum saman við skógræktarfélögin á svæðinu og vinna minnst 1 dag á ári að skógrækt. Einnig felur þingið sambandsstjórn, að mælast til þess við stjórn U.M.F.I. að hún stuðli að því sama um land allt.

ÞINGSKJAL XVI:

35. þing U.M.S.K. samp. að kjörnefnd starfi á þingum sambandsins. Fulltrúar hvers félags fyrir sig, komi sér saman um einn mann í kjörnefnd. Jafnframt samp. þingið, að kjósa 3ja manna milliþinganefnd, til að gjöra uppkast að fundarskópum fyrir sambandið.

ÞINGSKJAL XVII:

35. þing U.M.S.K. skorar á U.M.F.I. að reyna að fá því til leiðar komið að öll ungmennafélögin í landinu fái fullan rétt á við skógræktarfélögin gagnvart þeim styrkjum sem gert er ráð fyrir í skógræktarlögunum.

ÞINGSKJAL XVIII:

35. þing U.M.S.K. beinir því til stjórnar U.M.F.I. að beita sér fyrir því að borin verði fram tillaga á Alþingi um að U.M.F.I. verði veittur styrkur til girðingar umhverfis Þrastaskóga.

ÞINGSKJAL XIX:

35. þing U.M.S.K. samp. að fela sambandsstjórn, að athuga möguleika á því að koma á íþróttasamstarfi við Færeyinga. Þá verði stefnt að því að flokkar frá sambandinu fari til Færeyja í sumar.

ÞINGSKJAL XX:

35. þing U.M.S.K. samp. að fela stjórn sambandsins, að gangast fyrir fræðslu- og kynningarfundum hjá félögunum við allra fyrsta tækifæri samkvæmt samp. síðasta knattspyrnusambandsþings.

ÞINGSKJAL XXI:

35. þing U.M.S.K. beinir þeim tilmælum til félagsstjórna þeirra félaga, sem áhuga hafa á knattspyrnu að setja sig í samband við æfingarnefnd K.S.I. nú þegar, með tilliti til þeirrar aðstoðar sem þaðan er að vænta.

ÞINGSKJAL XXII:

35. þing U.M.S.K. fagnar því, að sambandsfélögin vinni að vallargerðum,

um leið og þingið hvetur þau til áframhaldandi framtaks vallarmálunum, heitir það á Alþingi, sýslunefndir Gullbringu- og Kjósarsýslu, bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar og hreppsnefndir, að veita til þessara framkvæmda það miklu fé, að vellirnir geti orðið nothæfir sem fyrst.

ÞINGSKJAL XXIII:

35. þing U.M.S.K. beinir þeim tilmælum til sambandsfélaga, að þau reyni eftir fremsta megni að örfa sundáhuga á sambandssvæðinu.

ÞINGSKJAL XXIV:

35. þing U.M.S.K. samp., að fela fulltrúum sínum á þingi F.R.I. að vinna að því, að F.R.I. gangist fyrir íþróttaviku árlega.

ÞINGSKJAL XXV:

35. þing U.M.S.K. samp., að allir verðlaunagripir sem sambandið veitir séu merktir.

ÞINGSKJAL XXVI:

35. þing U.M.S.K. sendir sýslunefndum Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar sínar beztu þakkir fyrir sýndan skilning á gildi félagskaparins með veittum fjárstyrk.

ÞINGSKJAL XXVII:

35. þing U.M.S.K. samp., að kjósa fimm menn í fjárlunarnefnd, til að stoðar stjórn sambandsins, við öflun tekna.

ÞINGSKJAL XXVIII:

35. þing U.M.S.K. samp., að fela stjórn sambandsins og fjárlunarnefnd, að athuga þá fjárlunarleið að láta útbúa póst- og jólakort með myndum af stöðum af sambandssvæðinu. Síðan yrðu kort þessi höfð til sölu í verzlunum.

ÞINGSKJAL XXIX:

35. þing U.M.S.K. beinir því til sambandsfélaganna, að þau samræmi sín á milli árgjöld.

ÞINGSKJAL XXX:

35. þing U.M.S.K. samp., að verja allt að kr. 3.000,00 til kaupa á íþrótt-

tækjum, sem eingöngu verði notuð á keppnismótum.

PINGSKJAL XXXI:

35. þing U.M.S.K. lýsir ánægju yfir því, hvernig tekist hefur með framkvæmd þingstillögu No. 34, frá 34. héraðsþingi, og mælist til þess að stjórn sambandsins hafi svipaðan hátt á næsta veturn.

PINGSKJAL XXXII:

35. þing U.M.S.K. samþ. að leggja fé til hliðar, í sjóð sem heitir "Sögsjóður". Úr sögusjóði skal greiða ritlaun og útgáfukostnað í sambandi við sögu sambandsins, sem ráðgert er að verði tilbúin árið 1962. Þingið samþ. að leggja í sjóðinn kr. 10,000,00 á árinu 1958, og samkv. ákvörðunum næstu héraðsþinga, árlegt framlag eftir ástæðum.

PINGSKJAL XXXIII:

35. þing U.M.S.K. samþ. að vísa tillögu I.S.I. um slysatryggingu íþróttamanna til íþróttaráðs U.M.S.K. sem undirbúi þetta mál undir næsta sambandsþing.

PINGSKJAL XXXIV:

Fjárhagsáætlun fyrir árið 1958.

Gjöld:

Styrkur til þrastaskógar	Kr.	500,00
Gr. skattur til U.M.F.I.	"	1.158,00
" " " I.S.I.	"	1.158,00
Fjölritun þinggerðar o.fl.	"	2.000,00
Símkostn.	"	800,00
Kostn. við utanhéraðsmót	"	2.000,00
" " innanhéraðsmót	"	1.000,00
Verðlaunapeningar og bikarar	"	1.000,00
Til þjóðdansakennslu o.fl.	"	1.500,00
Til íþróttakennslu	"	2.000,00
Til kaupa á íþróttatækjum	"	3.000,00
Ýmiss kostnaður	"	1.472,00

Kr. 17.588,00

Tekjur:

Skattur frá félögum	Kr.	3.088,00
Styrkur úr sýslusj. Kjósars.	"	5.000,00
" " " Gullbringus.	"	2.000,00
" " bæjarsj. Kópavogs	"	2.000,00
Ágóði af skemmtunum	"	5.000,00
Vextir af innistæðum	"	500,00
		<hr/>
	Kr.	17.588,00
		<hr/>

PINGSKJAL XXXV:

35. þing U.M.S.K. felur stjórn sambandsstjórnar, að athuga, hvort ekki væri framkvæmanlegt að stofna til umræðufunda um ýms þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni, öllum sé heimill aðgangur og málfrelni á þessum fundum.

PINGSKJAL XXXVI:

35. þing U.M.S.K. sendir Mjólkurfélagi Reykjavíkur kveðjur sínar og þakkir fyrir hinn ágæta verðlaunagrip sem það hefir gefið sambandinu, og keppa á um í búfjárdómum á starfsíþróttamótum sambandsins.

